

REGLUGERÐ

um (17.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 920/2007, frá 1. ágúst 2007, sem vísað er til í III. kafla I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2007, frá 7. desember 2007, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, I. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000, sem var innleidd með reglugerð nr. 659/2006, um (9.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995, um eftirlit með sáðvöru:

- A. Í stað b-liðar 4. gr. komi eftirfarandi:
 - b) „náskyldar tegundir“ hefur þá merkingu sem er skilgreind í viðaukanum við þessa reglugerð.
- B. Í stað viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000 komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. mars 2009.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.

VIÐAUKI

Náskyldar tegundir

„Náskyldar tegundir“, eins og um getur í b-lið 4. gr., hefur þá merkingu sem hér segir:

- a) ef fleiri en einn flokkur er innan ættkvíslar gildir skráin yfir flokka í 1. lið,
- b) ef flokkar ná yfir fleiri en eina ættkvísl gildir skráin yfir flokka í 2. lið,
- c) almennt er litið svo á, að því er varðar ættkvíslir og tegundir sem falla ekki undir skrá yfir flokka í 1. og 2. lið, að ættkvísl sé flokkur.

1. Flokkar innan ættkvíslar

| Flokkur | Vísindaheiti |
|-------------|---|
| Flokkur 1.1 | <i>Brassica oleracea</i> |
| Flokkur 1.2 | <i>Brassica</i> , þó ekki <i>Brassica oleracea</i> |
| Flokkur 2.1 | <i>Beta vulgaris</i> — sykurrófa, fóðursykurrófa |
| Flokkur 2.2 | <i>Beta vulgaris</i> — rauðrófa, þ.m.t. Cheltenham-rófa (Cheltenham beet), blaðbeðja eða strandblaðka |
| Flokkur 2.3 | Beta, þó ekki flokkar 2.1 og 2.2. |
| Flokkur 3.1 | <i>Cucumis sativus</i> |
| Flokkur 3.2 | <i>Cucumis melo</i> |
| Flokkur 3.3 | <i>Cucumis</i> , þó ekki flokkar 3.1 og 3.2 |
| Flokkur 4.1 | <i>Solanum tuberosum</i> |
| Flokkur 4.2 | <i>Solanum</i> , þó ekki flokkur 4.1 |

2. Flokkar sem ná yfir fleiri en eina ættkvísl

| Flokkur | Vísindaheiti |
|-----------------|--|
| Flokkur 201 | <i>Secale, Triticale, Triticum</i> |
| Flokkur 203 (*) | <i>Agrostis, Dactylis, Festuca, Festulolium, Lolium, Phalaris, Phleum og Poa</i> |
| Flokkur 204 (*) | <i>Lotus, Medicago, Ornithopus, Onobrychis, Trifolium</i> |
| Flokkur 205 | <i>Cichorium, Lactuca</i> |

(*) Flokkar 203 og 204 eru ekki eingöngu ákveðnir á grundvelli náskyldra tegunda.